

Sr. Jón Auðuns, dómprófastur:

Sannleiksvotturinn í Sesareu

MÉR ER sagt að á norðurströnd hinna fornu Júdeubýggða megi enn líta sandi orpnar rústir Sesareu, hinnar miklu hafnarborgar í fornöld. Þar sem áður lifðu kyn slóðir við auðsæld eða örbirgð, þar sem áður ómuðu hlátrar og harmastunur, þar ríkir nú þögn og auðn.

Þögn, nema þegar öldur Miðjarðarhafsins leika við sandana, og auðn fyrir annarra augum en þeirra, sem kunna að vera gæddir sjón til að sjá svipmyndir úr lífi löngu liðinna kynslóða.

Í þessari glæstu borg, Sesareu, gerðust þeir atburðir, sem Post-

ulasagan segir frá í kafla, sem þessum sunnudegi fylgir.

Það var um árið 60 og stórmenni er saman komið í borginni. Rómverski landsstjórinn, Festus, fagnar tignum gestum, sem til borgarinnar eru komnir, þeim Agrippa konungi, glæislegum heimsmanni, og Berníke systur hans, sem áhöld voru um hvort frægari var af fegurð sinni eða siðleysi.

Með mikilli viðhöfn og glæstu fylgdarliði ganga hinir tignu gestir til sæta. En fram yfir þá lætur landsstjórinn leiða mann, sem er hjá honum fangi, ákærður af Gyðingum. Bandinginn er

hin víðkunni Gyðingur, Sál frá Tarsus eða Páll postuli. Hann gengur fram fyrir þetta stórmenni í fjötrum og á að verja mál sitt.

Honum er ljóst, að frammi fyrir þessu fólki var ekki auðvelt að verja það mál sem hann bar fyrir brjósti.

Hann horfir á hið tigna fólki. En glýsið blindar ekki augu hans, þau höfðu æðri og hjartari ljóma litið. Og tign þessa fólks vex honum ekki í augum, hún var ekki annað en vesældarskuggi hjá þeirri æðri vegsæmd, sem hann þekkti. En gat hann vænt þess, að þetta fólki sem annálað var fyrir svo skefjalaust nautnalíf, að jafnvel heiðna heiminum oðbauð, gæti skilið það mál, sem hann var fangi í fjötrum fyrir að flytja?

Um vitranir sínar varð hann að tala við fólki, ef hann taliði við það á annað borð, því að á þeim var kristindómur hans grundvallaður, án þeirra hefði hann aldrei orðið kristinn maður.

Var það ekki vonlaust að tala við þetta fólki um slík efni? Var ekki réttara að ganga þögull úr þessum sal en að opna þar hjarta sitt, leyndustu djúp þess og helgustu dóma?

Andspænis slíkri raun hafði meistari Páls áður staðið. Um himneska hluti hafði hann vitnað fyrir þeim, sem engan himin þekktu, þegar hann stóð frammi fyrir Pílatusi og kaldrífjuðum trúmálaleiðtogum með æðsta prestinn í broddi fylkingar og sagði hiklaust við þessa glottandi herma: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi“.

Í líkum sporum stóð 14 öldum síðar mærin heila frá Orleans, hið saklausa barn, og bar vitni himneskum vitrunum sínum frammi fyrir konungi Frakklands, kóngi og hirð, sem játuði með vörðum sínum trú, en trúði með hjartanu ekki. Einnig hún, hið saklausa barn, reyndi, hver raun það getur verið að bera sannleikanum vitni, hve sárt það getur orðið að

standa í þeim sporum.

Þar sem nú eru rústir, er tala sínu þögla máli um dýrð sem dó, — þar stóð borgin Sesarea, hin mikla og auðuga hafnarborg. Horfum gegn um 19 aldir, lítum inn í höll landsstjórans, þar sem Sál frá Tarsus, Páll postuli, á að bera þeim sannleika vitni, sem honum var hið helgasta mál.

Festus landsstjóri horfir á hann, og háðsbrosið leikur um varir hans. Agrippa konungur og Berníke konungssystir bíða þess, hverja vitleysu þessi fangi fari nú að segja þeim.

Fanginn er svipmikill maður, svo að aðrir hika, — en ekki hann. Hann hefur upp raust og flytur hina merkilegu ræðu, sem Postulasagan hefir vafalaust eftir lækninum og guðspjallahöfundinum Lúkasi.

Næsta sunnudag skulum við hlusta á, hvað Páll hafði að segja þessu fólki. Það kann að eiga erindi við mig og þig enn í dag, þótt 19 aldir fullar séu liðnar.

Listasýning Hallveigarstaða

HALLVEIGARSTAÐIR er reisulegt hús og ber því fagurt vitni hverju hægt er að koma í framkvæmd er vilji, dugnaður og atorka haldast í hendur og eru það íslenskar konur, sem ber allur sómi af að hafa sameinast um þetta mikla átak. Framkvæmdastjórn hússins vígði það fyrir nokkrum dögum með mikilli viðhöfn, jafnframt sýningu

á verkum 27 listakvenna í tveim sölum í kjallara hússins, sem báðir eru bjartir og vistlegir og mun ekki laust við að hið sterka kyn líti í eigin barm, er konur hafa eignast slík salarkynni í hjarta borgarinnar.

Sýningin er mjög fjölbreytt enda getur allt í senn að líta, málverk, höggmyndir, listvefnað og

konur hafa afrekað. Það sjónarmið er að mörgu leyti eðlilegt er á allt er litið enda gefur sýningin hugmynd um meiri vidd en ella hefði orðið, þó ýmislegt vanti. Hinsvegar er því ekki að neita að það er á kostnað heildarinnar því enginn vafi er á, að sýningin gæti verið mun sterkari t. d. ef sumar konur settu

allar virðast hreinræktaðir íslendingar í eðli sínu, standa sig vel, ekki síst Nína Tryggvadóttir, sem á þrjú málverk mjög einkennandi fyrir hana, allt góð verk. Ég hef séð betri verk eftir Louise Matthíasdóttur, en mynd hennar „Kona“ (21) er þó gerð af miklum tilþrifum. Ragnhildur J. Ream á 2 góð verk. Þó nokkrar myndir á nýafstaðinni sýningu hennar hrifu mig meira.

Þarna eru ágæt verk eftir Júlíönu Sveinsdóttur, Kristínu Jóns-

sýni ekki mikil tilþrif, þá er eftirtektarvert litnæmi í mynd hennar „Gamlar glæður“. Mattíheia Jónsdóttir sýnir mýkri hliðina á þeim tveim hliðum er hún sýndi okkur í Ásmundarsal fyrir skömmu en litirnir eru nokkuð torkennilegir. Verður fróðlegt að sjá hvað úr verður ef henni tækist að sameina þessar tvær gjörólíku hliðar sínar.

Maður hefur séð flestar af þeim höggmyndum er þarna getur að líta. Ólöf sýnir hin sömu verk og í Menntaskólanum í haust. Gerður og Erla sýna gamlar myndir, sem minna á Zadkine tímabil þeirra, nema mynd Gerðar „Fanginn“, sem er í öðrum og sterkari stíl. Nína Sæmundsson á 3 myndir og af þeim eru 2 frá jákvæða tímabili hennar. Mynd Gunnfríðar nr. 39 er snoturt verk. Ásgerður Búadóttir sýnir sína beztu hlið í vefnaði og lifgar upp þennan sýningarsal, sem er miklu laklegar settur upp en hinn. Vigdís sýnir ekki sína beztu hlið að þessu sinni.

Leirmunirnir mættu vera á hærri stöllum enda liggur við að gestir þurfi að falla á kné til að fá rétta mynd af því sem sýnt er, einnig hefði mátt dreifa henni meir þannig að hún gæti skoðast frá öllum hliðum. Annars eru þetta snotrir hlutir einkum hjá Steinunni.

Eins og fram kemur finnst mér uppbygging sýningarinnar hefði mátt vera betur samræmd. Að lokum er ástæða til að þakka fyrir þessa sýningu, sem er örugglega sterkasta samsýning kvenna, sem ég hef séð hérlandis og sem mundi sóma sér víða erlendis. Svo óska ég íslenskum listakönnum til hamingju með salarkynnin og vonast eftir að sjá margar góðar listasýningar frá þeirra hendi í framtíðinni.


Bragi Ásgeirsson.

Lítil hugleiðing um sýningar

Mikil gróska hefur verið í sýningarlífinu undanfarið, hver sýning hefur leyst aðra af hólmi í öllum mögulegum húsakynnum, sumir hafa sýnt allt að þrisvar á einu ári, en það eru naumast sýningar sem gefa tilefni til umtals. Sumar smásýningar hafa verið ásjálegar og jafnvel ein og ein góð sýning — svo var um sýningu Rudolfs Weissbauer hjá Guðmundi Árnasyni á Bergstaðastræti, en Weissbauer er vel þekktur graflistamaður með sérkennilega tækni, og hafa söfn víða fest sér myndir hans. En hann hefur þá merkilegu áratúu að setja aldrei upp sýningu í sæmilegum húsakynnum hérlandis og hefur þó oft verið á ferð. En af sýningum er léttmetið þó í yfirgnæfandi meirihluta. Sleppum því.

Stundum koma fram sýningar, sem erfið er að átta sig á hverjir eigi að skrifa um og geta þær þó verið athyglisverðar, svo var með sýningu þá er nefndist „Hinn lesandi maður“, (Homo Legens) í Myndlista- og handfaskólanum. Myndlistargagnrýndanum fannst kannski meira um bókmenntir en bókmenntagagnrýndanum meira af myndlist. En allavega mátti ætla að hin mikla bókmenntabjóð fyndi þörf hjá sér til að fjölmenna á slíka sýningu, er sýndi hinn lesandi mann í málverki, teikningu eða ljósmynd um aldaradur, fyrir utan mjög fallegar bækur er til sýnis voru. Sannleikurinn er sá að varla sást maður á sýningunni og lognaðist hún niður fyrir lokunartíma þrátt fyrir að blöðin gátu hennar vel. Skár gekk sýning hins heims þekktu graflistamanns hap grieshaber á sama stað um árið, en mjög illa samt. En ég vil halda því fram að slíkt megi ekki endurtaka sig — tómlætið of yfirþyrmandi, er forvitnin rekur ekki eftir fólki á sýningar. Slíkt má ekki liggja í þagnargildi og því vek ég máls á þessu. Löngu er hinu hefðbundna sýningar-tímabili lokið og enn eru þó sýningar á hverju strái(!) En sumarleyfið er framundan.

Bragi Ásgeirsson.



leirmuni. Eins og framkvæmdastjórnin sagði réttilega frá, þá leyfir húsrýmið ekki að sýndur sé nema takmarkaður fjöldi verka og er því engangveginn um tæmandi yfirlitssýningu að ræða. Sá háttur virðist því hafa verið hafður á að koma sem flestum listakönnum á framfæri svo að sem flestar yrðu útundan, en safna ekki saman úrvali af því beztu sem íslenskar lista-

fleiri verk, sem gæfi rýmri hugmynd um list þeirra. Þetta gerir gagnrýndanum erfið um vik að velja og hafna, er hópurinn er svona stór og sundurleitur. En óneitanlega er margt fallegra verka á þessari sýningu og beztu listakönurnar eru varla miklir eftirbátar hinna ágætustu hjá karlþjóðinni.

Listakonurnar þrjár, sem búsettir eru vestanhafs, en sem

dóttur, Guðmundu, Barböru, Eyborgu, sem á aðeins eitt verk, þar sem kveður við nýjan mildari tón en áður. Ragnheiður Jónsdóttir vakti athygli mína á síðustu haustsýningu fyrir gott litaskyn og hún staðfestir það þarna þó að formið sé ekki ýkja persónulegt ennþá. Verður fróðlegt að fylgjast með henni. Ég hefði ekki séð myndir eftir Ingibjörgu Eggerz áður og þó hún



FERÐASKRIFSTOFA RÍKISINS

UTANLANDSFERÐIR 1967

NÝR BÆKLINGUR:

NÝJAR FERÐIR:

NÝ VERÐ:



Vinsamlega lítið inn og takið eintak með yður, eða hringið eða skrifið og við munum senda yður eintak.

FERÐASKRIFSTOFA RÍKISINS LÆKJARGÖTU 3 (GÍMLI) REYKJAVÍK SÍMI 11540

LÆKJARGÖTU 3, REYKJAVÍK, SÍMI 11540